

Frá sóknarnefnd Egilsstaðasóknar

Á fundi sínum 5. október ræddi sóknarnefnd Egilsstaðasóknar væntanlega Leikmannastefnu sem hefur verið boðað til í Reykjavík 14. október nk.

Fundurinn harmaði að Leikmannastefna síðasta árs sem halda átti á Austurlandi og hafði verið undirbúin af heimafólki af metnaði, hafi fallið niður, að því virðist vegna sinnuleysis kirkjustjórnarinnar. Á sama tíma fagnaði fundurinn því að Leikmannastefna verður haldin í ár, enda sé stefnan mikilvæg í lífi Þjóðkirkjunnar og lyftir upp hlutverki leikmanna í því sambandi.

Bent hefur verið á að Leikmannastefna er ekki lengur í starfsreglum Þjóðkirkjunnar og því vakna spurningar um hvort hún sé þar með aflögð og hvort svipaður vettvangur verði yfirhöfuð til staðar.

Sóknarnefnd Egilsstaðasóknar skorar á kirkjuþing, sem æðsta vald í málefnum Þjóðkirkjunnar, til að vanrækja ekki þennan mikilvæga þátt í starfi kirkjunnar og tryggja það hlutverk sem sjálfstæð Leikmannastefna hefur gegnt hingað til, með stöðugri og skilvirkri umgjörð.

Egilsstöðum 5. október 2023

Fyrir hönd sóknarnefndar Egilsstaðasóknar,

Eydís Bjarnadóttir